


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Húsgagnaviðgerðir HGV 102 Kennsluáætlun vorannar 2011	

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Undanfarar: PLG 106 og SET 104


Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um orsakir og eðli skemmda á húsgögnum, greiningu þeirra og hvernig ber að standa að viðgerðum með hliðsjón af þeirri efnisnotkun og vinnuaðferðum sem upphaflega voru viðhafðar. Jafnframt kynnast þeir forvörnum varðandi húsgögn og viðmiðum sem skapast hafa um hversu langt skal ganga í að nota gamalt handverk og eldri efni við viðhald og endurnýjun á eldri húsgögnum. Lögð er áhersla á að nemendur fái yfirsýn yfir fagsviðið og geti komið með heildarlausnir fyrir viðskiptavini. Jafnframt er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir takmörkunum sínum í húsgagnaviðgerðum. Kennsla er aðallega verkleg og fer fram með sýnikennslu og minni verkefnum þar sem nemendur læra rétta efnisnotkun og vinnuaðferðir.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni skil á efnum sem notuð eru í viðgerðir og breytingar á húsgögnum
- geti valið rétta viðartegund, spón og plötuefni með hliðsjón af verkefni
- kunni skil á eldri límgerðum og yfirborðsefnum fyrir húsgögn
- geti í samvinnu við skyldar fagstéttir valið rétt efni og festingar
- viti hvar hægt er að nálgast upplýsingar um eldri aðferðir og efni
- viti hvernig hægt er að nota Netið til að kaupa viðgerðarefni
- þekki áhöld og tæki sem notuð eru í viðgerða- og breytingarvinnu á húsgögnum
- kunni skil á hefðbundnum handverkfærum til viðgerða og breytinga
- þekki heppilegar trésmíðavélar, rafmagns- og lofthandverkfæri
- geti valið og haldið við áhöldum og tækjum til viðgerða og breytinga
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað fyrir viðkomandi áhöld og tæki
- kunni skil á límingu og spónlagningu við viðgerðir og breytingar á húsgögnum
- þekki eldri lím- og spónlagningaaðferðir á húsgögnum
- geti valið lím, límaþurðartæki og þvingur með hliðsjón af verkefni
- kunni skil á formlímingu, mótasmíði og límpressun smíðishluta
- geti rökstutt val á efnum og aðferðum út frá viðkomandi húsgagni
- þekki öryggisreglur og öryggisráðstafanir við límingu og spónlagningu
- hafi þekkingu á yfirborðsmeðferð við viðgerðir og breytingar á húsgögnum
- kunni skil á eldri aðferðum við yfirborðsmeðferð á húsgögnum
- kunni vel litablöndun og efnabæskerfið og geti líkt eftir lit á húsgagni
- þekki til vistvænna aðferða við yfirborðsmeðferð á húsgögnum
- geti valið slípaðferð og yfirborðsmeðferð með hliðsjón af verkefni
- þekki öryggisreglur og hlífðarbúnað við yfirborðsmeðferð á húsgögnum
- geti gert við húsgögn frá mismunandi tímum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Húsgagnaviðgerðir HGV 102 Kennsluáætlun vorannar 2011	

- geti valið efni og aðferðir í samræmi við hefðir og verndunarsjónarmið
- geti hirt um áhöld og tæki og brýnt algengustu skurðarverkfæri
- geti gert við skemmdir í gegnheilu tré og viðarspóni
- geti smíðað hefðbundnar samsetningar í gegnheilt tré og plötuefni
- geti límt spón í höndum með límhamri og heitlími
- geti tekið úr fyrir lömum og skráum og öðrum smíðisfestingum
- geti lagt á síkling og notað hann á ómeðhöndlað tré og lakkað yfirborð
- geti skorið út í tré eftir einföldum fyrirmyndum
- kunni einfalda spón- og viðarinnlagningu
- vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Efnisatriði/kjarnahugtök

Eldri handverksaðferðir, varðveisla húsgagna, húsgagnaviðgerðir, endurgerð hús-gagna, gegnheilt tré, spónlagt tré eða plötuefni, pússning, slípun, pólering með spritti og shellakki, cellulósalakk, matt- og gljápólering, síklingur, myndskurður, spóninnlagning (marqueterie), viðarinnlagning (intarsia), heitlím, límhamar, hefðbundin bólstrun.

Kennslugögn:

Efni frá kennara
Ljósrit um viðarfræði.

Starfsaðferðir:

Áfanginn verður kenndur sem námskeið um miðja önn.

Farið verður í viðgerðir á spónlögðu efni (innfellingar), viðgerðir á gegnheilu efni (ífellingar), eldri lakkaðferðir og lökk, ásamt litunarfræðum.

Farið verður í samþættingu nýrra og gamalla aðferða, ásamt forvörnum og viðmiðum sem skapast hafa um hversu langt skal ganga í að nota gamalt handverk og eldri efni við viðhald og endurnýjun húsgagna.

Áhersla verður lögð á að nemendur fái yfirsýn yfir fagsviðið og geti komið með heildarlausnir fyrir viðskiptavinum og geri sér grein fyrir takmörkunum sínum varðandi húsgagnaviðgerðir.

Námsmat:

Áfanganum lýkur með ritgerð og verklegum tímaverkefnum.

Ritgerðin gildir 60%

Verkefnin gilda 40%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils